

4. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 10. desember 2018 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Dómur í máli Isavia gegn Hitaveitu Flúða.

Lagður var fram héraðsdómur í máli nr. E-1249/2017 Isavia gegn Hitaveitu Flúða sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. júní s.l. Hitaveita Flúða var sýknuð af öllum kröfum Isavia.

2. Kópsvatnsvirkjun.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu á málum vegna Kópsvatnsholunnar og Kópsvatnsvirkjunar. Búið er að vera að prufukeyra vélar og fínstillta ferla við framleiðsluna.

3. Lón á Byggð á Bríkum

Hannibal og Jón fór yfir viðræður sem aftur eru komnar upp vegna uppbyggingar á lóni og gístiaðstöðu í landi Byggða á Bríkum á Flúðum en fyrir liggur beiðni frá Iceland Lagoon um endurskoðun á samningi frá 2016 við Hitaveitu Flúða. Veitustjórn lýsir sig tilbúna til viðræðna um endurskoðun samningsins um þau atriði sem snerta veitustjórn vegna breyttra forsenda.

4. Auglýsingasamningur við blakdeild UMFH.

Hannibal fór yfir beiðni frá blakdeild meistaraflokks karla UMFH um áframhaldandi samstarf við Hitaveitu Flúða um auglýsingu á keppnisbúninga deildarinnar en fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 50.000. Veitustjórn samþykkir erindið. Jón Bjarnason situr hjá.

5. Yfirlit veitustjóra.

Hannibal fór yfir vinnu við að skipta út mælum í hitaveitu og vatnsveitu. Er að mestu lokið í hitaveitu en vatnsveitan er eftir.

Þá var upplýst að hreinsistöð sem setja á upp neðan við félagsheimilið er komin á Flúðir og verið er að vinna í verðkönnun vegna vinnu við niðursetningu.

Hannibal fór yfir vinnu við lagningu ljósleiðara. Gróf jarðvinna gæti klárast fyrir jól.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:30.